

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 1994-2014, Vaðlabrekka.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 15. desember 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps, frá 27. ágúst 1996.

Breytingin felst í því að 0,5 ha frístundabyggðasvæði að Vaðlabrekku breytist í íbúðarbyggð og við breytinguna stækkar íbúðarsvæðið úr 5,5 ha í 6 ha.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 15. desember 2006.

Jónína Bjartmarz.

Ingibjörg Halldórsdóttir.